

Fundargerð fræðsluráðs

165. fundur fræðsluráðs miðvikudaginn 4. nóvember kl. 15 haldinn í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Sigrún Waage aðalmaður, Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður og Þorsteinn Guðmundsson varamaður.

Fundarritari: Esther Hermannsdóttir

Dagskrá fundarins:

- 1. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs fer yfir það helsta af skólapingi sveitarfélaga.**
- 2. Formaður fræðsluráðs segir frá stöðu úttektar verkferla í eineltis- og samskiptamálum í Grunnskóla Húnaþings vestra.**
- 3. Önnur mál.**

- 1. Sviðsstjóri fjölskyldusviðs fór yfir það helsta af skólapingi sveitarfélaga sem haldið var í Reykjavík 2. nóvember. Erindi og upptökur frá þinginu eru á síðu Sambands íslenskra sveitarfélaga www.samband.is/skolathing-2015**
- 2. Formaður fræðsluráðs gerði grein fyrir stöðu úttektar á verkferlum í eineltis- og samskiptamálum í Grunnskóla Húnaþings vestra. Skv. fundargerð byggðaráðs frá 7.september sl. var formanni fræðsluráðs, sviðsstjóra fjölskyldusviðs og sveitarstjóra falið að láta gera slíka úttekt. Eftir undirbúningsvinnu og samtal við nokkra aðila var ákveðið að fá Þorlák Helgason verkefnisstjóra Olweusar-verkefnissins á Íslandi til að taka verkið að sér. Hann hefur komið í heimsókn í grunnskólann fengið þau gögn sem hann hefur beðið um og fundað með skólastjórnendum, eineltisteyminu, kennurum, skólaliðum og öðrum starfsmönnum skólans sem og foreldrum. Úttektarskýrslu Þorláks er að vænta innan tíðar.**

3. Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 16:28

Magnús Magnússon

Esther Hermannsdóttir

G. Kristín Ólafsdóttir

Sigrún Waage

Ingibjörg Auðunsdóttir

Þorsteinn Guðmundsson